



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 11. ágúst 2016

Ákvörðun nr. 21/2016

Kaup Samkaupa hf. á verslunarrekstri í eigu Miðbúðarinnar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 22. júlí sl. þar sem tilkynnt var um kaup Samkaupa hf. (hér eftir Samkaup) á verslunarrekstri í eigu Miðbúðarinnar ehf. (hér eftir verður vísað til þessa reksturs sem Miðbúðarinnar). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna.

Þann 26. júlí sl. var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin væri fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu hafist þann 23. júlí sl. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið yfirfarið gögn málsins og staðreynt þau með samanburði við opinber gögn og ýmsar upplýsingar sem eftirlitið býr yfir vegna úrlausna í eldri málum sem varða skilgreindan markað þessa máls.¹

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Fellur umræddur samruni undir b. lið ákvæðisins þar sem fram kemur að samruni geti átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar vegna yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki.

Í samrunaskrá segir að Samkaup reki 50 verslanir um landið m.a. undir vörumerkjunum: Nettó, Samkaup Úrval, Samkaup Strax og Krambúðin. Þá segir að fyrirtækið stundi jafnframt innflutning á aðföngum. Um Miðbúðina segir að starfsemin felist í rekstri dagvöruverslunar undir nafninu Seljakjör / Þín verslun sem staðsett sé að Seljabraut 54 í Breiðholti.

¹ Í þessu sambandi má nefna skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 *Efla þarf samkeppni á dagvörumarkaði – Margir þurfa að leggja hönd á plóg* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótelis ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.*



III.

Niðurstaða

Samkvæmt samkeppnislögum er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu. Almennt eru markaðir skilgreindir út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum; annars vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, landfræðilega markaðinn.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppninnar 2015* var markaðurinn skilgreindur sem sala á dagvörum í dagvöruverslunum. Ennfremur var landfræðilegur markaður talinn vera staðbundinn og miðað hefur verið við að matvöruverslanir innan u.þ.b. 20 mínútna akstursfjarlægðar séu í samkeppni hver við aðra. Í skýrslunni kemur einnig fram að markaðshlutdeild Samkaupa á landinu öllu sé 15-16%, en 5-6% á höfuðborgarsvæðinu.² Er þetta sama skilgreining og lögð hefur verið til grundvallar í eldri úrlausnum samkeppnisyfirvalda sem varða dagvörumarkaðinn.³ Samkeppniseftirlitið telur að áhrifa þess samruna sem um ræðir muni fyrst og fremst gæta á höfuðborgarsvæðinu þar sem Miðbúðin starfar. Líkt og að framan greinir þá er Miðbúðin stök verslun og hlutdeild verslunarinnar í dagvörusölu á höfuðborgarsvæðinu því óveruleg eða innan við 1% miðað við veltu dagvöruverslana á því svæði árið 2014.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði. Óveruleg aukning verður á markaðshlutdeild Samkaupa eftir yfirtökuna og mun hlutdeildin verða verulega undir þeim mörkum að ástæða sé til þess að ætla að samkeppnisbrestir fylgi þeim samruna sem hér um ræðir. Markaðshlutdeild mun breytast lítið og eftir sem áður verða Hagar hf. með 53-54% hlutdeild á höfuðborgarsvæðinu, á grundvelli gagna frá 2014, og ekki eru vísbendingar um að staða þess fyrirtækis sem markaðsráðandi fyrirtækis í sölu á dagvörum á höfuðborgarsvæðinu hafi breyst.

Að undangenginni rannsókn er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni Samkaupa og Miðbúðarinnar hindri virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

² Útreikningar á markaðshlutdeild byggja á dagvöruveltu ársins 2014.

³ Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008, *Misnotkun Hagar hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, sbr. *úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009* og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 188/2010 Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Sjá einnig nefnda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2016 og nr. 28/2014, *Beiðni Rekstrarfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf. um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammisamnings um leigu á fasteignum fyrir dagvöruverslanir*.



Ákvörðunarorð:

„Kaup Samkaupa hf. ehf. á verslunarrekstri í eigu Miðbúðarinnar ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson